Gert er ráð fyrir að fulltrúar í skólaráði verði kallaðir saman á milli funda til að sinna sérstökum verkefnum sem unnið verður að á skólaárinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

„Minna“ skólaráð fundar eftirtalda daga (og oftar ef þarf): **6. nóvember, 5. febrúar, 8. apríl og eftir þörfum.**

Foreldrafélag

Foreldrafélög eru lögbundin skv. 9 gr. *Laga um grunnskóla* nr. 91/2008. Í Kópavogsskóla starfar öflugt foreldrafélag sem hefur það hlutverk að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda, efla tengsl heimilis og skóla, hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu og veita aðhald og eftirlit. Stjórn foreldrafélags Kópavogsskóla skólaárið 2022-2023 skipa:

Formaður: Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Varaformaður: Linda-Marie Blom
Samkópsfulltrúi: Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Gjaldkeri: Oddný Assa Jóhannsdóttir
Kynningarmál: Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Meðstjórnandi: Inga Birna Bjarnadóttir
Meðstjórnandi: Gunndís Ýr Finnbogadóttir
Meðstjórnandi: Dísa Jónsdóttir
Meðstjórnandi: Jón Orri Jónsson

Skipulag foreldrastarfs

1. Árgangastjórnir foreldra

Í upphafi skólaárs taka foreldrar fjögurra nemenda að sér að skipuleggja starf árgangsins fram til áramóta þegar foreldrar næstu fjögurra barna taka við. Með þessu móti er leitast við að tryggja að allir foreldrar komi að foreldrastarfinu.

Verksvið árgangastjórna foreldra er málefni hlutaðeigandi árgangs s.s. :

- Skipuleggja framkvæmd á 2-4 viðburðum þar sem nemendur í bekknum eða árgangnum gera eitthvað saman yfir veturinn.
- Koma upplýsingum um málefni sem varða bekkinn til stjórnar foreldrafélagsins og til yfirstjórnar skólans, t.d. á samráðsfundum.
- Sjá til þess að manna foreldrarölt bekkjarins

Árgangastjórn starfar með umsjónakennara eftir aðstæðum og að teknu tilliti til kjarasamninga og starfsskyldna kennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2. Samráð árgangastjórna

Formenn árgangastjórna mynda ásamt stjórn foreldrafélagsins svonefnt ,,Samráð". Samráðið skal koma saman eftir þörfum á starfstíma skóla, þó ekki sjaldnar en tvisvar á hverju skólaári, ásamt stjórn Foreldrafélagsins, skólastjórnendum og eftir atvikum skólaráði til að samræma störf árgangastjórnanna og fá yfirsýn yfir foreldrastarfið í skólanum. Stjórn Foreldrafélagsins er jafnframt stjórn samráðsins. Framkvæmdin hefur verið sú að samráðið hefur fundað 5-6 sinnum. Þrír af þeim fundum hafa verið helgaðir hverju námsstigi skólans fyrir sig þ.e. yngsta stigi, miðstigi og efsta stigi.

3. Foreldrafélag Kópavogsskóla

Markmið félagsins er að stuðla að velferð og vellíðan allra barna í skólanum, að kennsla og tómstundastarf í skólanum sé eins og best verður á kosið og efla samvinnu heimilis og skóla.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a. :

- efla samstarf foreldra og starfsfólks skólans,
- standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra og eftir atvikum starfsfólks skólans eftir því sem tilefni gefst til og kostur er á,
- styðja við starfsemi skólans með því að kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, fylgjast með skólastarfinu og koma á framfæri rökstuddum óskum um breytingar og styðja við framkvæmd þeirra.
- styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.

Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn skal að vori ár hvert, eigi síðar en 15. maí. Formaður er kosinn sérstaklega auk fimm meðstjórnenda.

4. Sérstakar nefndir.

Á vegum foreldrafélagsins starfa nokkrar nefndir að einstökum málum eða atburðum. Um þær vísast til bæklings foreldrafélagsins. Allir geta starfað í þessum nefndum en á skólakynningarfundum í september geta foreldrar skráð sig í þær. Foreldrum geta einnig haft samband við fulltrúa foreldrafélagsins til að skrá sig í þessar nefndir.

Dagskrá vetrarstarfs foreldrafélags 2023-2024

September – Hausthátíð

Október: Kynningarfundur foreldrafélagsins. Hrekkjavaka (31. október)

Desember: Laufabrauðsdagur/Jólaföndur 9. desember

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Febrúar: Öskudagur (14. febrúar)

Maí: Aðalfundur forledrafélagsins

Foreldrafélag Kópavogsskóla gefur út upplýsingabækling sem dreift er rafrænt til allra foreldra/forráðamanna samhliða skólakynningum í september.

Nemendaráð

Á hverju hausti kjósa nemendur unglingastigs fulltrúa sína í nemendaráð. Hver árgangur kýs fjóra fulltrúa og tveir formenn úr 10. bekk stýra starfinu með aðstoð eins af kennurum skólans. Annar þeirra situr í skólaráði Kópavogsskóla og hinn fulltrúi nemenda kemur úr 9. bekk. Nemendaráð skólans er um leið nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem er staðsett í Kópavogsskóla. Félagsmiðstöð og skóli vinna náið saman að hagsmunamálum nemenda. Allir nemendur í nemendaráði eru í valgrein (Félagsmálafræði) og þar er markmiðið að kenna þeim þau vinnubrögð sem leggja grunn að heilbrigðu og farsælu samstarfi nemendaráðs.

Auglýst er eftir framboðum til nemendaráðs og kosið á milli frambjóðenda. Formaður nemendaráðs er úr 10. bekk og varaformaður úr 9. bekk. Skólaráðsfulltrúar koma úr 9. og 10. bekk og sitja í tvö ár.

Skólaárið 2023-2024 sitja eftirtaldir aðilar í nemendaráði:

Formenn:
Diljá Dögg A. Brynjarsdóttir og Árni Geirsson

Fulltrúar deilda:
10. bekkur:

Guðmundur Ingi Valgeirsson, Róbert Páll Þormóðsson, Oliwia Katarzyna Miernik, Julia Anna Miernik

9. bekkur:

Pétur Skarphéðinsson, Alexander Máni Guðbjargarson, Jara Sóley Bjarnadóttir og Steinunn Stefánsdóttir

8. bekkur:

Karen Erla Atladóttir, Hekla Sóley Sverrisdóttir, Hreiðar Ási Eydal, Nikulás E. Sigrúnarson Cross

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Halldór Hlöðversson forstöðumaður Kjarnans og Elísabet Pétursdóttir aðstoðarskólastjóri funda reglulega með stjórn nemendafélagsins og skipuleggja atburði og uppákomur vetrarins. Fastir liðir sem tilheyra skólanum eru litlu jól og árshátíð sem er haldin í vikunni fyrir páskaleyfi. Kópavogsskóli tekur einnig þátt í spurningakeppni grunnskólanna og ýmsum uppákomum á vegum félagsmiðstöðva í Kópavogi og SAMFÉS. Allar upplýsingar um atburði og tímasetningar þeirra er að finna á http://felagsmidstodvar.kopavogur.is/kjarninn/

Foreldrasamstarf

Á síðast liðnu skólaári var unnið markvisst að því að auka samstarf við foreldra sem og upplýsingaflæði frá skólanum. M.a. voru samfélagsmiðlar notaðir til þess sem og mánaðarlegir fréttapóstar í gegnum Smore kerfið ásamt heimasíðu skólans. Skólastjórnendur funda í byrjun hvers mánaðar með stjórn foreldrafélags og einnig er boðað til opinna funda skólastjórnenda með foreldrum hvers árgangs. Þar gefst foreldrum barna í viðkomandi árgangi kostur á að ræða saman og skiptast á skoðunum, ræða við skólastjórnendur um skólastarfið og koma sínum skoðunum á framfæri. Hefð er fyrir því að bjóða foreldrum barna í fyrsta bekk til fræðslufundar snemma á skólaárinu og til létts kvöldverðar í framhaldi af fræðslunni. Þar er markmiðið að foreldrar barna sem eru að hefja skólagöngu kynnist og leggi grundvöll að öflugu samstarfi sín á milli og við skólann. Fulltrúar foreldra í skólaráði taka fullan þátt í starfi skólaráðs og vinna þar að ýmsum framfaramálum.

Mat á skólastarfi

Innra mat

Með *Lögum um grunnskóla* nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta sem flesta þætti í starfi sínu, og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Gildisgrunnur skólans var unninn í samstarfi foreldra og skóla og gildi skólans eru sex. Þau eru: a)*jákvæður starfsandi,* b)*agi í framkomu og vinnubrögðum,* c)*verkefni taki mið af hæfni og getu einstaklingins,* d)*gagnkvæm virðing ríki í samskiptum,* e)*virk samvinna sem byggist á ábyrgð skólaþegnanna* og f)*gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimila og skóla og innan skóla*.

Kópavogsskóli nýtir sér vefkannanakerfið Skólapúlsinn fyrir innra matið. Spurningarnar sem eru í Skólapúlsinum falla vel að gildisgrunni skólans og gefa um leið kost á samanburði við aðra skóla. Nemendakannanir eru lagðar fyrir árlega en foreldrakannanir og starfsmannakannanir annað hvert ár. Skólaárið 2023-2024 verða spurningalistar sendir nemendum og starfsmönnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Stýrihópur hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess.

Ytra mat sveitarfélaga

Í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Þá er sveitarfélögum ætlað að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Af hendi sveitarfélagsins hefur ekki verið gert formlegt mat á starfi Kópavogsskóla undanfarin ár. Starfsmenn menntasviðs Kópavogsbæjar eru þó í reglulegum samskiptum og eru vel inn í málefnum skólans.

Ytra mat menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laganna og aðalnámskrár grunnskóla auk annarra þátta í skólastarfinu. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknum. Ytra mat á starfi Kópavogsskóla var unnið af starfsmönnum Menntamálastofnunar í september 2018 og lokaskýrslu skilað í lok ársins. Í framhaldi af því var umbótaáætlun gerð og bæði skýrsluna og umbótaáætlunina er að finna á vefsíðu Kópavogsskóla ásamt skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar prófessors í kennslufræðum sem kom og kynnti sér skólastarfið. Eftirfylgni ráðuneytisins lauk vorið 2021 með formlegri staðfestingu á að Kópavogsskóli hefði lokið öllum þeim umbótum sem boðaðar voru í framhaldi af ytra matinu.

Viðfangsefni innra mats

Þeir þættir sem innra mat skólans byggir á eru eftirfarandi:

- Nemendakönnun: rafræn könnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Um er að ræða mjög viðamikla könnun sem tekur á öllum þáttum skólastarfs og upplýsingarnar er hægt að skoða með hliðsjón af öðrum skólum. Mjög viðamiklar upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á www.skolapulsinn.is.
- Starfsmannakönnun: rafræn könnun þar sem m.a. er spurt um viðhorf til skólans, kennarastarfið og starfsumhverfi. Könnunin er lögð fyrir annað hvort ár, á móti foreldrakönnun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Foreldrakönnun: rafræn könnun lögð fyrir foreldrar barna í öllum árgöngum. Þar er m.a. spurt um nám og kennslu, velferð nemenda og foreldrasamstarf svo nokkur atriði séu nefnd. Könnunin er lögð fyrir annað hvort ár, á móti starfsmannakönnun.
- Tengslakönnun: námsráðgjafi leggur tengslakönnun fyrir alla árganga að hausti. Þar eru skoðuð tengsl á milli nemenda og reynt að finna þá nemendur sem eru einangraðir og grípa til viðeigandi ráðstafana.
- Könnun á líðan og einelti: námsráðgjafi leggur könnunina fyrir alla árganga. Ef þurfa þykir er gripið til aðgerða eins og t.d. bekkjafunda og vinnu með skólasálfræðingi.

Kannanir þessar eru í heildina mjög umfangsmiklar og úr þeim fást gríðarlega miklar upplýsingar um alla þætti skólastarfsins. Markmiðið er að bregðast fljótt og vel við niðurstöðum og vinna að úrbótum á markvissan hátt. Skólaárið 2023-2024 verður nemendakönnun (fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk) Skólapúlsins lögð fyrir sem og fyrir starfsmannahópinn.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Í vetur verður aðallega horft til þeirrar stefnumótunarvinnu sem fram fór á síðasta skólaári en þar komu starfsmenn, nemendur og foreldrar að máli. Einnig er horft til niðurstaðna úr könnunum Skólapúlsins, bæði hjá nemendum og foreldrum.

Áherslur í umbótaáætlum verða eftirfarandi:

Nám og kennsla

- Leiðsagnarnám kynnt í ágúst 2023
- Nemendastýrð foreldraviðtöl kynnt í ágúst 2023 og innleidd í febúar 2024
- Yfirfara og vinna hæfnikort haust 2023
- Yfirfara og vinna kennsluáætlanir í faggreinum – hefst 2023, lýkur 2025

Skólabragur

- Stofna stýrihóp um uppeldi til ábyrgðar. Námskeið fyrir nýja starfsmenn í ágúst 2023
- Efla vináttubekki/vináttudaga, hópefli í ágúst strax í skólabyrjun
- Fjölgreindarleikar í september
- Vinna markvisst með lykilorð skólans – vinátta – virðing - vellíðan

Samvinna heimilis og skóla

- Bekkjarkvöld einu sinni á önn endurvakin
- Kynning á þeim starfsmönnum sem tengjast bekkjum á haustfundum
- Regluleg fréttabréf frá stjórnendum skólans sem og kennurum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Stoðþjónusta

Ýmsir aðilar koma að þjónustu við nemendur Kópavogsskóla. Hjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslunni og er starfsmaður hennar. Sálfræðingur kemur frá Menntasviði Kópavogs og er með viðveru í skólanum hluta úr degi á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum. Foreldrar geta leitað til viðkomandi vegna ráðgjafar í gegnum skrifstofu skólans. Talmeinafræðingur vinnur að greiningum og ráðgjöf til foreldra í 4 klst. á viku og er með viðveru á miðvikudögum. Hjúkrunarfræðingur, sem er starfsmaður Heilsugæslunnar, er með 29% viðveru í skólanum, þ.e. kl. 8:30-12:00 á mánudögum, 8:30-12:00 á miðvikudögum, 10:00-12:00 á fimmtudögum og 8:30-12:00 á föstudögum.

Náms- og starfsráðgjafi er starfandi í skólanum í fullu starfi og geta nemendur og foreldrar pantað tíma hjá viðkomandi. Náms- og starfsráðgjafi sinnir aðstoð við nemendur og kennara hvort sem um er að ræða einstaklinga eða hópa og leggur að auki fyrir kannanir um líðan og einelti. Námsráðgjafi sér um náms- og starfsráðgjöf fyrir nemendur og heldur utan um atvinnutengt nám. Við skólann eru einnig starfandi tveir þroskaþjálfar sem vinna á sínu sérsviði í öllum deildum skólans eftir þörfum.

Hjá Menntasviði Kópavogs er einnig hægt að leita eftir aðstoð sérkennsluráðgjafa og kennsluráðgjafa auk almennrar ráðgjafar. Kópavogsskóli hefur einnig leitað til sérfræðinga þegar sú staða kemur upp. Markmiðið er að útvega þá þjónustu sem best hentar og skólinn ræður við í hverju tilviki.

Tómstundastarf og félagslíf

Félagslíf nemenda á unglingastigi er samstarfsverkefni skóla og félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem hefur aðsetur í skólahúsinu. Stærstu viðburðir ársins eru litlu jól og árshátíðir en þær eru haldnar á öllum aldursstigum skólans í vikunni fyrir páska. Þar troða nemendur upp með skemmtiatriði sem þeir hafa æft og sýna fyrir aðra nemendur og foreldra. Bekkjarkvöld eru haldin í samstarfi við foreldrafulltrúa og reynt er að hafa þau tvisvar á hverju skólaári. Nemendur á miðstigi eru með opið hús ca. einu sinni í mánuði. Nemendur 7. bekkjar fara í Skólabúðirnar að Reykjum í september 2023. Skólaferðalög að vori eru fastur líður í skólastarfinu. Misjafnt er hvert er farið en það fer eftir aldri nemanda.

Skólastarfið er brotið upp á hverju ári í nokkra daga og nemendum skipt í hópa þvert á aldur. Markmiðið með því er að efla með markvissum hætti félagstengsl nemenda og þjálfa þá í að vinna með nemendum á ólíkum aldri og á misjöfnu þroskastigi. Það hefur gefist mjög vel.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Í janúar 2024 mun skólinn fagna 75 ára afmæli sínu og verður þemavinna og uppskeruhátíð fyrir forelda og aðra velunnara skólans af því tilefni.

Foreldrafélag Kópavogsskóla stendur fyrir ýmsum viðburðum og þar ber helst laufabrauðsbakstur með nemendum og foreldrum í aðdraganda jóla. Skólaárið 2023-2024 verður haustháttíð foreldrafélagsins í stað vorhátíðar.

Nemendaráð skipuleggur vetrarstarf félagsmiðstöðvar með aðstoð forstöðumanns og umsjónarmanns félagsstarfs (kennari). Þar eru hefðbundin atriði þátttaka í Spurningakeppni grunnskólanna, ýmis sameiginleg atriði með öðrum félagsmiðstöðvum í Kópavogi, námskeið og opin hús.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Dagatal félagsmiðstöðvar

Frístundadeild

Félagsmiðstöðvadagatal 2022 - 2023

Félagsmiðstöð:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Frídagur verzlunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Foreldradagur	1 F	Fullveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M	Starfsmannafræðsla	1 M		1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F	Undirbúningur - sumar	1 L	
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F	Aukafræðsludagur opnun (Félké)	2 M		2 F		2 F		2 S	Pálmarunnudagur	2 Þ	Foreldradagur	2 F	Undirbúningur - sumar	2 S	
3 M		3 L		3 M	Farvarnarvika	3 F		3 L		3 Þ		3 F	Fær. opnun	3 F	Fær. opnun	3 M	(Undankoppnum fyrir söngkeppni Samfés lokið)	3 M		3 L		3 M	
4 F		4 S		4 Þ	Foreldradagur	4 F	Aukafræðsludagur opnun (Félké)	4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ	Foreldradagur	4 F		4 S	Sjómannadagurinn	4 Þ	
5 F		5 M	Starfsmannafræðsla	5 M	Farvarnarvika	5 L		5 M	Starfsmannafræðsla	5 F		5 S		5 S		5 M	Skráning í Söngkeppni Samfés	5 F	Samfestingurinn	5 M	Undirbúningur - sumar	5 M	
6 L		6 Þ	Foreldradagur	6 F		6 S		6 Þ		6 F	Bræðsludagur Fær. opnun / Samfés - Gen	6 M	Getké	6 M		6 F	Skírdagur	6 L	Samfestingurinn	6 Þ		6 F	
7 S		7 M		7 F	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	7 M		7 M		7 L		7 Þ	Foreldradagur	7 Þ	Foreldradagur	7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M		7 F	Sumarhátíð Félké
8 M		8 F	Starfsdagur Samfés	8 L	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	8 Þ	Bæðsludagur opnun ólnelti	8 F		8 S		8 M	Getké	8 M		8 L		8 M		8 F		8 L	
9 Þ		9 F	Starfsdagur Samfés	9 S	Landsmót Samfés - Stykkishólmi	9 M		9 F	Fær. opnun	9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F		9 S	
10 M		10 L		10 M	Malavika	10 F		10 L		10 Þ	Foreldradagur	10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M	Skipulagsdagur klúbbarfræðsla	10 L			
11 F		11 S		11 Þ	Malavika	11 F	Rafíþróttamót Félkés og Samfés - Fær. opnun	11 S		11 M		11 L	Dagur íslenskrar tónlistar	11 L		11 Þ		11 F		11 S			
12 F		12 M		12 M	Malavika	12 L	Rafíþróttamót Félkés og Samfés	12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F	Fær. opnun	12 M			
13 L		13 Þ		13 F	Malavika	13 S	Rafíþróttamót Félkés og Samfés	13 Þ	Foreldradagur Teams	13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ			
14 S		14 M	Íþróttaleikar	14 F	Fær. opnun	14 M	Félagsmiðstöðvavika	14 M		14 L		14 Þ		14 Þ		14 F	Fær. opnun	14 S		14 M			
15 M		15 F		15 L		15 Þ	Foreldradagur Teams	15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F			
16 Þ		16 F	Íþróttadagur Ball	16 S		16 M	Stuttmyndahátíð - Félagsmiðstöðvavika	16 F		16 M		16 F	Vetrarleyfi	16 F		16 S		16 Þ		16 F			
17 M		17 L		17 M	Félagsmiðstöðvar og ungmennahúsin	17 F		17 L		17 Þ		17 F	Vetrarleyfi / Fær. opnun	17 F	Rafíþróttamót Samfés og Elka - Fær. opnun	17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn		
18 F		18 S		18 Þ	Foreldradagur Teams	18 F		18 S		18 M		18 L	Tvennað	18 L	Rafíþróttamót Samfés og	18 Þ	Foreldradagur	18 F	Upprýmingardagur	18 S			
19 F		19 M	Finnland	19 M	Félagsmiðstöðvar og ungmennahúsin	19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S	Rafíþróttamót Samfés og	19 M		19 F		19 M			
# L		# Þ	Finnland	# F	Félagsmiðstöðvar og ungmennahúsin	# S	Dagur mannréttinda barna	# Þ		# F	Fær. opnun - Danskoppni Samfés	# M	Bolludagur	# M		# F	Sumardagurinn fyrsti	# L		# Þ			
21 S		21 M	Finnland	21 F	Félagsmiðstöðvar og ungmennahúsin	21 M		21 M		21 L	Skíði	21 Þ	Foreldradagur Sprengidagur	21 Þ	Foreldradagur	21 F		21 S		21 M			
# M		# F	Finnland	# L	Fyrsti vetrardagur	# Þ		# F		# S		# M	Öskudagur	# M		# L		# M		# F			
# Þ	Skipulagsdagur forst. mann.	# F	Finnland	# S		# M		# L	Þorláksmessa / Fær. opnun	# M		# F		# F		# S		# Þ	Skipulagsdagur	# F			
# M	Velkomin til starfa	# L		# M	Vetrarleyfi	# F		# L	Aðfangadagur jóla	# Þ	Foreldradagur	# F	Skíðaferð	# F		# M		# M	Skipulagsdagur	# L			
# F		# S		# Þ	Vetrarleyfi	# F	Fær. opnun - Rimaflæði	# S	Jóladagur	# M	Söngkeppni Kópavogs	# L	Skíðaferð	# L		# Þ	Skipulagsdagur foreldraunna	# F		# S			
# F	Velkomin til starfa	# M	Evrópskir tungumáladagur	# M		# L		# M	Annar í jólum	# F		# S	Skíðaferð	# S		# M		# F	Félkéhátíð	# M			
# L		# Þ		# F		# S		# Þ		# F		# M		# M		# F	Aðalfundur Samfés	# L		# Þ			
# S		# M		# F	Fær. opnun	# M		# M		# L		# Þ		# Þ		# F	Aðalfundur - Samfés Fær. opnun	# S	Hvítasunnudagur	# M			
# M		# F		# L		# Þ	Foreldradagur	# F		# S				# M		# L		# M	Annar í Hvítasunnu	# F			
# Þ		# F	Fær. opnun	# S		# M		# F		# M				# F	Fær. opnun	# S		# Þ		# F			
31 M				31 M	Starfsmannafræðsla			31 L	Gamlársdagur	31 Þ								31 M					

Skjal sótt af '0000000000', dags: 25.10.2026

Starfsþróunaráætlun 2023-2025

Starfsþróunaráætlun Kópavogsskóla er ,,lifandi“ skjal þar sem skráð eru námskeið og fræðslufundir sem skólinn skipuleggur fyrir starfsmenn sína.

,,Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sæki skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknum mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Heimilt er að leggja fram starfsþróunaráætlun til lengri tíma eða allt að þriggja ára. Breytingar sem kunna að verða á starfsþróunaráætlunum sem ná til lengri tíma en eins árs skulu kynntar kennurum fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Í drögunum skal a.m.k. liggja fyrir áætlun um hvaða dagar eru ætlaðir til sameiginlegrar starfsþróunar. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.“ [Úr kjarasamning félags grunnskólakennara].

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann komu fram við vinnu stefnumótunar skólans fyrir árin 2023-2025 eftir vinnu m.a. með starfsmönnum skólans sem og niðurstöður úr starfsmannaviðtölum.

Nám og kennsla – kennsluhættir

- Efla byrjendalæsi
- Leiðsagnarnám/mat kynnt kennurum á haustdögum 2023 og unnið áfram út skólaþróunartímabilið
- Yfirfara kennsluáætlanir og endurskoðun skólanámskrár fyrir árslok 2025
- Fræðsla til kennara um Voice Dream og önnur öpp sem nýtast einstaklingum með dyslexíu
- Efla fræðslu til starfsfólks um þarfir fjölbreytts nemendahóps – sérfræðingar bæði innan og utan skólans fengnir til þess

Nám og kennsla – lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda

- Nemendastýrð foreldraviðtöl – fræðsla til kennara og framkvæmd í febrúar 2024
- Réttindaskóli SÞ – innleiðing heldur áfram
- Uppeldi til ábyrgðar – upprifun og nýliðafræðsla í ágúst 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skólabragur – velferð og vellíðan nemenda

- Nemendastýrð foreldraviðtöl
- Uppeldi til ábyrðar, upprifjun
- Unnið með gildi skólans Virkni – Vellíðan – Vinsemd

Önnur viðfangsefni

- Brunavarnir í skólanum – upprifjun og æfingar
- Fræðsla til starfsmanna frá sálfræðingi skólans

Auk þess fara kennarar á fjölbreytt námsekið á vegum Kópavogsbæjar, UTÍS, Menntakviku HÍ, Menntafléttunnar, ráðstefnur og námskeið sem þeir velja sjálfir.

Rýmingaráætlun

Á hverju skólaári fara kennarar yfir rýmingaráætlun með nemendum sínum og skólastjórnendur með starfsmönnum skólans. Tvær rýmingaræfingar eru framkvæmdar á hverju skólaári, önnur fyrir áramót og hin eftir áramót. Að æfingum loknum er farið yfir hvernig til tókst og lögð áhersla á að leiðrétta það sem betur má fara. Veturinn 2017-2018 voru allar öryggisteikningar af skólahúsnæðinu endurgerðar og rýmingarleiðir og öryggistæki gerð meira áberandi en á eldri teikningum.

Rýmingaráætlun við eldsvoða og/eða öðru hættuástandi

1. Þegar eldvarnakerfi skólans fer í gang fara nemendur í röð inni í stofunni en bíða þar til bjalla er endurræst og gengur stöðugt.

2. Kennari athugar hvaða útgönguleið er fær og velur alltaf stystu leiðina.

3. Ef allar útgönguleiðir á gangi eru lokaðar á að halda kyrru fyrir í stofunni og kennari gerir vart við sig í glugga.

4. Kennari stendur við dyr kennslustofu og sér til þess að allir nemendur yfirgefi stofuna. Nemendur fylgja kennara á fyrirfram ákveðið svæði. Vanti einhvern nemanda skal tilkynna það til deildarstjóra skólans.

5. Þegar út er komið yfirfara deildarstjórar og ritari nafnalista með kennurum. Skólastjóri eða staðgengill hans gefur síðan fyrirmæli um hvað skal gera.

6. Nemendur halda hópinn þar til annað er ákveðið. Óheimilt er að yfirgefa skólalóðina nema að fyrirmælum skólastjóra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- Við dyr allra kennslustofa eiga að vera vasar með bekkjarlistum og vasaljósi sem kennari skal taka með sér.
- Kennarar kynna nemendum þau svæði (svæði A er leikvöllur við Skólatröð og svæði B er völlur við Vallartröð) sem þeir eiga að safnast saman á. Svæði A er alltaf fyrsti valkostur nema reyk leggi yfir það.
- Ritari skal ávallt taka með sér nemendaskrá og fjarvistaskrá þegar hann yfirgefur bygginguna.
- Deildarstjórar fara strax út.
- Kennarar loka stofuhurðum á eftir sér til að loka af reyksvæði.
- Stuðningsfulltrúar og skólaliðar taki sér stöðu við útidyr.
- Kennarar list- og verkgreinahópa sjá til þess að nemendur sömu deildar myndi einn hóp þegar út er komið.

Ritari skal sjá um skráningu á starfsmönnum er út er komið.

Viðbrögð við vá

Óveður

1. Skóla er aldrei lokað í óveðri nema fyrir tilstilli almannavarnanefndar. Foreldrar verða að geta treyst því að skóli sé opinn hafi almannavarnir eða skólaskrifstofa ekki gefið út sérstaka tilkynningu um annað.

2. Ætlast er til að foreldrar meti sjálfir hvort þeir senda börn sín í skóla þegar óveður geisar. Sé þeim haldið heima þarf að tilkynna það til skóla eins og önnur forföll. Séu börnin hins vegar send í skóla er þess vænst af foreldrum að þeir fylgi börnum sínum í skólann og sæki þau að loknum skóladegi.

3. Ætlast er til þess af þeim kennurum sem kenna í síðasta tíma á stundaskrá hvers bekkjar að þeir sjái svo um að börnin fari ekki ein út í óveður að afloknum skóladegi. Heimferð þeirra sé tryggð - ella sé börnunum haldið í skóla þar til foreldrar sækja þau eða aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar.

4. Telji foreldrar vafasamt að senda börn í skóla vegna óveðurs áréttar skólinn að aldrei sé teflt í tvísýnu, öryggi barnanna sitji ávallt í fyrirrúmi.

5. Verði símasambandslaust við skólann þegar óveður geisar er ætlast til þess að börnin verði kyrr í skóla þar til þau verða sótt eða þeim tryggð örugg heimferð (sjá lið 3).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur einnig gefið út leiðbeiningarefni sem er að finna á http://www.kopavogsskoli.is/aaetlanirforvarnir/ovedursvidbrogd/

Viðbrögð vegna veikindafaraldurs

Kópavogsskóli hefur aðlagað viðbragðsáætlun Almannavarna vegna veikindafaraldurs. Áætlunin er birt á heimasíða skólans og hana má nálgast hér http://www.kopavogsskoli.is/aaetlanirforvarnir/influensa---vidbragdsaaetlun/

Viðbrögð vegna jarðskjálfta

Fyrstu viðbrögð vegna jarðskjálfta eru eftirfarandi:

- Fara í opnar dyr eða út í horn burðarveggja og standa þar
- Fara undir borð við veggi
- Forðast háreist húsgögn
- Sýna stillingu
- Forðast vanhugsaðar aðgerðir

Rýmingaráætlun tekur við eftir fyrstu viðbrögð.

Fyrstu viðbrögð vegna eldgosa

Verkreglur rýmingaráætlunar gilda.

Skólaakstur

Námsver Kópavogsskóla er fyrir nemendum úr öllum skólahverfum bæjarins. Innritaðir nemendur í Námsver sem búa í öðrum skólahverfum eiga rétt á akstri til og frá skóla. Umsjónarmaður Námsvers skipuleggur aksturinn í samráði við foreldra viðkomandi barna og tengilið ferðaþjónustufyrirtækis.

Þeir nemendur Kópavogsskóla sem eru í íþróttakennslu í Smáranum er ekið frá og til skóla í íþróttatíma. Sama gildir um sundkennslu, nemendum er ekið milli skóla og Sundlaugar Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skólamáltíðir

Mötuneytiseldhús Kópavogsskóla var stækkað og endurgert sumarið 2018 og allur matur er eldaður í skólanum. Nemendur eru skráðir í mataráskrift í Þjónustugátt Kópavogsbæjar og það á einnig við um síðdegishressingu nemenda í frístund. Gjaldskrá er að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar.

Aðrar upplýsingar

Á heimasíðu Kópavogsskóla, www.kopavogsskoli.is, er að finna upplýsingar um mun fleiri atriði en er að finna í þessari starfsáætlun. Þær upplýsingar eru uppfærðar reglulega enda mikilvægt að foreldrar geti nálgast rétta upplýsingar um þau atriði sem þeir þurfa. Grunnurinn að starfsáætluninni er ræddur í skólaráði i lok hvers skólaárs og hefðbundnar uppfærsluupplýsingar settar inn í upphafi nýs skólaárs og yfirfarnar á fundi ráðsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026